

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um að Rang- 131
arvallasýslu sje veitt lán úr landssjóði.—Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Rangárvalla- 12. sept.
 sýslu fyrir höndsýslunefndarinnar þar, og eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 10. þ. m., þar er þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu veitið samþykki yðar til lántökunnar, hefi jeg veitt Rangárvallasýslu 10000 kr. lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að bæta úr skaða þeim, sem hlotizt hefir af hinum stórkostlegu jarðskjálftum, er þar hafa gengið fyrir skemmstu, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 1000 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiftsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.— 132
 Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu 12. sept.
 brjefi, dagsettu 10. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að Breiðabólstað í Vesturhópi, síra Hálfván Guðjónsson, taki 2000 króna embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til þess að girða og sljetta túnið og til vatnsveitinga á engjunum. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að tekinn verði að eins helmingur lánsins þegar í stað, en hinn helmingurinn, þegar presturinn hefir sannað það fyrir stiptsyfirvöldunum, að það verk sje unnið prestssetrinu til bóta, sem samsvari 1000 króna virði; að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum í lengsta lagi frá lántökudegi að telja, með jöfnum árlegum afborgunum, auk vaxta, og að presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar að minnsta kosti svo mikils virði, sem upphæð lánsins nemur, eða svari ofanálagi fyrir það, sem til kynni að vanta.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um skilning á lögum nr. 36, 13. 133
desbr. 1895, að því er snertir það atriði, hvenær þau komi til framkvæmda. — Með 16. sept.
 þóknanlegu brjefi, dags. 9. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvernig svara beri fyrirspurn frá prestinum að Þingeyrum, síra Bjarna Pálssyni, hvort lög nr. 36, 13. desbr. 1895, um breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884, er komu í gildi seinast á fardagaárinu, sem leið, sjeu ekki að skilja á þá leið, að því er prestakall hans snertir, að ekkjan, sem í brauðinu er, og hefir í eptirlaun 122 kr. 37 a. eða $\frac{1}{10}$ af upphæð teknanna eptir gildandi mati, eigi fyrir fardagaárið 1895/96 að fá eptirlaunin greidd með 100 krónum úr landsjóði, og 22 kr. 37 aur. af brauðinu.

Jafnframt þessu hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld tekið það fram, að presturinn muni byggja skilning sinn á umræddum lögum frá 1895 á því atriði, að

12. dag oktbermán. 1896.